

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 320/2022

2023/EES/48/31

frá 9. desember 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/290 frá 19. febrúar 2019 um snið fyrir skráningu og skýrslugjöf framleiðenda raf- og rafeindabúnaðar til skrárinnar ⁽¹⁾.
- 2) II. og XX. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 9ea (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/699) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„9eb. **32019 R 0290**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/290 frá 19. febrúar 2019 um snið fyrir skráningu og skýrslugjöf framleiðenda raf- og rafeindabúnaðar til skrárinnar (Stjtið. ESB L 48, 20.2.2019, bls. 6).“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 32faa (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/699) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„32fab. **32019 R 0290**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/290 frá 19. febrúar 2019 um snið fyrir skráningu og skýrslugjöf framleiðenda raf- og rafeindabúnaðar til skrárinnar (Stjtið. ESB L 48, 20.2.2019, bls. 6).“

*3. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/290, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 48, 20.2.2019, bls. 6.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður